



# HRUNAMANNAHREPPUR

13. FUNDUR HREPPSNEFNDAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 5. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. MAÍ 2011  
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 12. maí kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 5 mál, tillögu fyrir deiliskipulagi í landi Birtingaholts, breytingar á samþykktum sveitarfélagsins vegna sameiginlegrar velferðarnefndar, 137 fundur félagsmálanefndar frá 3. maí sl., framkvæmdir í farvegi Stóru-Laxár og minnispunktur vinnuhóps um framkvæmdir í Listigarðinum á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

## Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2010. Seinni umræða.
2. Aðalskipulagsbreytingar í þéttbýlinu á Flúðum: Ljónastígur.
3. Hestamannafélagið Smári: Styrkur vegna Rangárbakka ehf.
4. Hestamannafélagið Smári: Styrkur til Æskulýðsnefndar Smára.
5. Umsjónarmaður Fasteigna og húsvörslu: Starfslýsing.
6. Húsvarsla í stofnunum sveitarfélagsins.
7. Samstarfssamningur um sameiginlegt starfssvæði félagsþjónustu Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.
8. Umhverfisráðuneytið. Slóðar á hálendinu.
9. Sérít um Fjalla-Eyvind.
10. Lánasjóður sveitarfélaga: Lánasamningur.
11. Héraðsskjalasafn Árneseinga: Málalyklar Hrunamannahrepps.
12. Fordfélagið: Fjölskylduhátíð 3.-5. júní.
13. Samningar um refa- og minkaveiðar.
14. Aflið: Styrkbeiðni vegna reksturs aflsins 2011.
15. Umhverfisnefnd. Breyting á nefndarmönnum.
16. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Umsagnir um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
17. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.
18. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um orlof.
19. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
20. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
21. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnalaga.
22. Íbúafundur.
23. Næsti fundur sveitarstjórnar.

## Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

24. Veitustjórn: 10. fundur stjórnar frá 28. apríl s.l.
25. Fræðslu og æskulýðsnefnd: Fundargerð 6. fundar vegna Undralands frá 4. maí s.l.
26. Fræðslu og æskulýðsnefnd: Fundargerð 3. fundar vegna æskulýðsmála frá 4. maí s.l.
27. Fræðslu og æskulýðsnefnd: fundargerð 8. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. maí s.l.
28. Umhverfisnefnd. Fundargerð 2. fundar frá 4. maí sl.
29. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð frá 6. fundi frá 10. maí sl.

## Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

30. Félagsþjónusta: 136. fundur félagsmálanefndar frá 7. apríl s.l.
31. Aðalfundur skipulags og bygg. fulltrúaembættisins frá 26. apríl s.l.
32. 34. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. apríl s.l. og 62. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 26. apríl s.l.
33. Ípróttu og æskulyðsmál. Minnisþing frá fundir í Aratungu 12. apríl s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 299. stjórnarfundar frá 28. mars s.l.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 300. stjórnarfundar frá 4. apríl s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 201. stjórnarfundar frá 8. apríl s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 202. stjórnarfundar frá 2. maí s.l.
- e. Almannaþingin Árneshöfða: Fundargerð 10. fundar frá 6. apríl s.l.
- f. SASS: Fundargerð 1. fundar verkefnisstjórnunar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi frá 8. apríl s.l.
- g. SASS: Fundargerð 3. fundar starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi frá 21. desember s.l.

**Kynningarmál:**

- h. Bréf frá sveitarfélaginu Árborg vegna Skólaskrifstofu Suðurlands.
- i. Orkustofnun. Skilaskyld gögn leyfishafa.
- j. Fjárlaganefnd Alþingis: Ríkisframlög til safnastarfs.
- k. Héraðssambandið Skarphéðinn: Þakkir til héraðsnefnda og sveitarfélaga.
- l. Sorpstöð Suðurlands: Breyting á móttöku sorps.
- m. Orlof Húsmæðra: Skýrsla og reikningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynnisferð til Brussel.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 786. stjórnarfundar frá 29. apríl s.l.

**Fundir framundan:**

- p. Forvarnardagurinn 2010: Verkefnavinna grunnskólanema.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ráðstefna um orku- og auðlindamál.

**Skýrsla á skrifstofu:**

- r. Landmælingar Íslands.: Stefnumótun 2011-2015 og ársskýrsla 2010.
- s. Uxahryggir.: Ársreikningur 2010.
- t. Límtré-Vírnet.: Ársreikningur 2010.
- u. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Ársskýrsla 2010
- v. Rarik: Ársskýrsla 2010. Ársskýrsla 2010
- w. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2010. Ársskýrsla 2010
- x. Héraðskjalasafn Árnesinga. Ársskýrsla 2010
- y. Byggðasafni Árnesinga. Ársskýrsla 2010
- z. Aflið. Ársskýrsla 2010
- aa. Rannsóknir og greining við HR: Fyrsta ölvunin.

**Erindi til hreppsnefndar:**

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2010. Seinni umræða.  
Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2010 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 23,5 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 40,2 millj. Fjárfesting 27,3 millj. kr. Veltufé frá rekstri 69,4 millj. Heildar eignir 946 millj., heildarskuldir 657 millj., Eigið fé 288 millj. og að öðru leyti vísað til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn því undirritaður til staðfestingar.
2. Aðalskipulagsbreytingar í þéttbýlinu á Flúðum: Ljónastígur.  
Í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst að um 1,3 ha svæði meðfram vestanverðum Ljónastíg breytist úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði, merkt A14. Meginforsenda breytingar er sú að á umræddu svæði eru nú þegar þrjú íbúðarhús og þess vegna talið æskilegt að skilgreina svæðið sem íbúðarsvæði. Með breytingunni er gert ráð fyrir að hægt verði að bæta við tveimur íbúðarhúsalóðum við götuna. Aðalskipulagsbreytingin hefur þegar verið kynnt íbúum við Ljónastíg auk þess sem hún var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr.

- skipulagslaga með auglýsingu í Dagskránni dags. 14. apríl 2011. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 31. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laganna.
3. **Hestamannafélagið Smári: Styrkur vegna Rangárbakka ehf.**  
Oddviti kynnti styrkbeiðni frá hestamannafélaginu Smára um styrk vegna skuldbreytinga hjá Rangárbökkum ehf. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
  4. **Hestamannafélagið Smári: Styrkur til Æskulýðsnefndar Smára.**  
Oddviti kynnti bréf um beiðni um styrk til æskulýðsmála frá hestamannafélaginu Smára. Hreppsnefnd samþykkir að veita kr. 100.000 í styrk. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju með öflugra starfssemi Smára í æskulýðsmálum. Jafnframt felur hreppsnefnd sveitarstjóra að kanna þann möguleika að gera samstarfssamning við hestamannafélagið Smára um stuðning sveitarfélagsins við félagið.
  5. **Umsjónarmaður fasteigna og húsvarsla: Starfslýsing.**  
Oddviti kynnti starfslýsingu vegna umsjónarmanns fasteigna og húsvörslu í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir starfslýsingu og að húsvörður í félagsheimili muni jafnframt gegna starfi umsjónarmanns fasteigna og húsvörslu.
  6. **Húsvarsla í stofnunum sveitarfélagsins.**  
Oddviti kynnti málið og fór yfir þær hugmyndir að húsverðir í stofnunum sveitafélagsins muni gegna störfum þvert á stofnanir og sinna öðrum verkefnum vegna áhaldahúss sveitarfélagsins. Þá var farið yfir þörf á að húsvörður væri í íþróttahúsi og sundlaug meðan kennsla fer þar fram. Hreppsnefnd samþykkir að húsverðir muni gegna fjölpættara starfi og að auglýst verði eftir nýjum starfsmanni til að sinna þessum verkum enda muni vinna skólaliða minnka sem nemur vinnu þeirra í sundlaug og íþróttahúsi.
  7. **Samstarfssamningur um sameiginlegt starfsvæði félagsþjónustu Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.**  
Oddviti kynnti samstarfssamning um sameiginlegt starfsvæði félagsþjónustu uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir því að eitt sveitarfélaganna verði umsjónarsveitarfélag. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur Ragnari Magnússyni oddvita að undirrita samninginn.
  8. **Umhverfisráðuneytið: Slóðar á hálendinu.**  
Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisráðuneytinu um ítrekun um að senda athugasemdir vegna korts um vegslóða á hálendi Íslands. Hreppsnefnd felur ferða- og menningarnefnd að skoða hvort þurfi að breyta fyrri upplýsingum sem búið er að senda til ráðuneytisins.
  9. **Sérrit um Fjalla-Eyvind.**  
Oddviti kynnti bréf frá Hirti Þórarinssyni þar sem hann kynnir útgáfu sérrits um Fjalla-Eyvind og Höllu. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vera í sambandi við útgefanda ritisins um aðstoð til að kynna útgáfu þess.
  10. **Lánasjóður sveitarfélaga: Lánasamningur.**  
Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 27.000.000 kr. til 23 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna gatnagerð og endurnýjun á húsnæði fyrir eldri borgara í eigu sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
- Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.
11. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Málalyklar Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti málalykla fyrir skjalasafn hreppsskrifstofu sem Héraðsskjalasafn Árnesinga hefur samþykkt. Hreppsnefnd staðfestir málalyklana.
  12. **Fordfélagið: Fjölskylduhátíð 3.-5. júní.**

Oddviti kynnti fjölskylduhátíð sem Fordfélagið hyggst halda á Flúðum fyrstu helgina í júní.

13. **Samningar um refa- og minkaveiðar.**  
Oddviti kynnti drög að samningum Hrunamannahrepps um refa- og minkaveiði, annars vegar við Jón Óla Einarsson og Guðna Guðbergsson og hins vegar Sigurð Hans Jónsson og Böðvars Thorsteinson. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá ofangreindum samningunum.
14. **Aflið: Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2011.**  
Oddviti kynnti bréf frá Afli, þar sem þau biðja um styrk vegna reksturs félagsins fyrir næsta ár. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
15. **Umhverfisnefnd. Breyting á nefndarmönnum.**  
Oddviti kynnti breytingar á nefndarmönnum í umhverfisnefnd þar sem Gunnar Jóhannesson segir sig úr nefndinni. Hreppsnefnd skipar Þröst Jónsson sem aðalmanng og til vara er skipuð Katrín Ösp Emilsdóttir.
16. **Nefndarsvið Alþings: Umsagnir um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Hreppsnefnd vísar málinu til félagsmálanefndar.
17. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á grunnskóla. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til fræðslunefndar.
18. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um orlof.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um orlof. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir.
19. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til veitustjórnar.
20. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til félagsmálanefndar.
21. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnalög.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Hreppsnefnd ítrekar fyrri bókanir um að taka undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið.
22. **Íbúafundur.**  
Hreppsnefnd ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum mánudaginn 16. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2010. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Á fundinn mun jafnframt mæta Kristján Mímisson fornleifafræðingur og fjallar um Búðarárbakkaverkefnið.
23. **Næsti fundur hreppsnefndar.**  
Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði miðvikudaginn 8. júní kl. 14.00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

24. **Veitustjórn: 10. fundur stjórnar frá 28. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar veitustjórnar. Farið var yfir málefni Hitaveitu Grafarhverfis, Hita- og vatnsveitu vegna frístundabyggðar úr landi Högnastaða, skýrslu ÍSORS um yfirborðsjarðhita í byggð í hreppnum og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
25. **Fræðslunefnd: Fundargerð 6. fundar vegna Undralands frá 4.maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 4. maí s.l. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, beiðnir um undanþágur vegna vísunar yngri barna, rekstrarstöðu leikskólans, foreldraráð og önnur mál, þ.m.t. skóladagatal 2011-2012. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
26. **Fræðslunefnd: Fundargerð 3. fundar vegna æskulýðsmála frá 4.maí s.l.**

- Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir starfsáætlun og skýrslu forstöðumanns, starfsmannamál og rætt um að halda kynningarfund með foreldrum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
27. Fræðslunefnd: fundargerð 8. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. maí sl. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, skóladagatal fyrir næsta skólaár, farið yfir rekstur skólans, rædd skólafest og stefnumótun. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
28. Umhverfisnefnd. Fundargerð 2. fundar frá 4. maí sl. Oddviti kynnti fundargerð frá 4. maí sl. Þar var farið yfir fundargerð síðasta fundar, rusladag, rætt um umhverfisverðlaun og um skipulag og fyrirkomulag á gámasvæði. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
29. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð frá 6. fundi frá 10. maí sl. Esther kynnti fundargerð landbúnaðarnefndar frá 10. maí sl. Þar var farið yfir umsögn um framvarp til breytinga á vatnalögum, skipan fulltrúa í hóp um endurskoðun á Fjallskilareglugerð Árnassýslu, heiðarsmölun, eftirsafn og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir að skipa Bjarna Val Guðmundsson sem fulltrúa Hrunamannahrepps í hóp um endurskoðun fjallskilareglugerð Árnassýslu austan vatna. Esther og Gunnar sitja hjá við afgreiðslu þessa liðar. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

30. Félagsþjónusta: 136. fundur félagsmálanefndar frá 7. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerð 136. fundar félagsmálanefndar frá 7. apríl sl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
31. Aðalfundur skipulags og bygg. fulltrúaembættisins frá 26. apríl s.l. Oddviti lagði fram aðalfundargerð skipulags og byggingarfulltrúaembættisins frá 26. apríl 2011. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir árið 2009 og 2010, kostnaðarskipting sveitarfélaganna, kosnir skoðunarmenn og endurskoðandi, laun nefndarmanna, bílamál byggðasamlagsins, húsnæðismál og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina
32. 34. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. apríl s.l. og 62. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 6. apríl s.l. Oddviti lagði fram fundargerð 34. fundar frá 26. apríl 2011 en þar var farið yfir fjögur mál fyrir Hrunamannahrepps og eitt sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 4 fundargerð 62. afgreiðslufundar frá 6. apríl en þar voru tekin fyrir 2 mál fyrir Hrunamannahrepp, samþykkt bygging garðhúss að Tjarnardal 6 og samþykkt hesthús á neðri hæð gripahúss í Unnarholti. Mál nr. 5, samþykkt bygging gróðurhúss á Ljónastíg 2. Mál nr. 8, samþykkt að auglýsa deiliskipulag á þéttbýlinu á Flúðum vegna Garða-, Mýrar- og Ljónastígs. Mál nr. 9 samþykkt lóðaskipting á Unnarholti og mál nr. 10 samþykkt lóðablað vegna staðfestingu landamerkja í Unnarholtskoti 2.
33. Ípróttu og æskulýðsmál: Minnispunktar frá fundir í Aratungu 12. apríl s.l. Oddviti kynnti minnispunkta frá fundi sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu um athugun á samvinnu í ípróttu- og æskulýðsmálum. Hreppsnefnd samþykkir að skoða þessi mál áfram.

#### **Önnur mál:**

34. Deiliskipulag úr landi Birtingarholts. Lögð fram tillaga Landslags ehf. og X2 ehf. að lýsingu dags. 10. maí 2011, f.h. landeigenda, vegna deiliskipulags fyrir svæði úr landi Birtingarholts 5 þar sem fyrirhuguð er vinnsla á lífrænum efnum til áburðarnotkunar. Skipulagssvæðið er alls um 20 ha að stærð og liggur upp að veghelgunarsvæði þjóðvegur nr. 340 (Auðsholtsvegur), landamörkum við Sóleyjarbakka og aðkomuvegi að bæjartorfu Birtingarholts og skipulagsmörkum deiliskipulags hluta bæjartorfunnar. Hreppsnefnd samþykkir fyrirliggjandi lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands auk

þess að kynna hana fyrir eigendum Sóleyjarbakka og eigendum á Birtingarholtstorfunni.

35. **Breytingar á samþykktum sveitarfélags. Fyrri umræða:**

Oddviti lagði fram breytingar á samþykktum sveitarfélagsins til fyrri umræðu: Breytingarnar eru þær að 2. tl. 1. mgr. 51 gr. samþykktu Hrunamannahrepps um félagmálnefnd Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps verður eftirfarandi:

Sameiginleg félagsþjónusta sjö sveitarfélaga í Árnessýslu. Hreppsnefnd kys einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu, samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepps. Fulltrúi hreppsnefndar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til þess að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir hreppsnefnd til staðfestingar af hennar hálfu.

Þá breytist 4. tl. 1. mgr. 51. samþykktu Hrunamannahrepps um jafnréttisnefnd og verður þannig:

Jafnréttisnefnd. Sameiginleg velferðarnefnd, skv. 2. tl. 1. mgr. 51. gr., fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

36. **Félagsþjónusta: 137. fundur félagsmálanefndar frá 3. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 137. fundar félagsmálanefndar frá 3. apríl sl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

37. **Framkvæmdir í farvegi Stóru-Laxár.**

Lögð fram umsögn Veiðimálastofnunar vegna ýmissa framkvæmda í farvegi Stóru-Laxár sem miða að því bæta veiðistaði í ánni. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar í ljósi jákvæðar umsagnar Veiðimálastofnunar enda liggja samþykki landeigenda og Fiskistofu fyrir framkvæmdunum.

38. **Minnispunktur vinnuhóps um framkvæmdir í Listigarðinum á Flúðum.**

Lagðir fram minnispunktur starfshópsins um framkvæmdir í Ungmennafélagsgarðinum og drög að vinnulista.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 299. stjórnarfundar frá 28. mars s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 300. stjórnarfundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 201. stjórnarfundar frá 8. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 202. stjórnarfundar frá 2. maí s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð 10. fundar frá 6. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.
- f. SASS: Fundargerð 1. fundar verkefnisstjórnunar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi frá 8. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.
- g. SASS: Fundargerð 3. fundar starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi frá 21. desember s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- h. Bréf frá sveitarfélaginu Árborg vegna Skólaskrifstofu Suðurlands. Lagt fram til kynningar.
- i. Orkustofnun. Skilaskyld gögn leyfishafa. Lagt fram til kynningar.
- j. Fjárlaganefnd Alþingis: Ríkisframlög til safnastarfs. Lagt fram til kynningar.

- k. Héraðssambandið Skarphéðinn: Þakkir til héraðsnefnda og sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- l. Sorpstöð Suðurlands: Breyting á móttöku sorps. Lagt fram til kynningar.
- m. Orlof Húsmæðra: Skýrsla og reikningar. Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynnisferð sveitarstjórnarmanna til Brussel. Lagt fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 786. stjórnarfundar frá 29.apríl s.l. Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan**

- p. Skipulagsstofnun. Samráðsfundur 19. og 20. maí. Lagt fram til kynningar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ráðstefna um orku- og auðlindamál. Lagt fram til kynningar.

**Skýrsla á skrifstofu:**

- r. Landmælingar Íslands.: Stefnumótun 2011-2015 og ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- s. Uxahryggir.: Ársreikningur 2010. Lagt fram til kynningar.
- t. Límtré-Vírnet.: Ársreikningur 2010. Lagt fram til kynningar.
- u. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- v. Rarik: Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- w. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- x. Héraðskjalasafn Árnesinga. Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- y. Byggðasafni Árnesinga. Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- z. Aflið. Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.
- aa. Rannsóknir og greining við HR:Fyrsta ölvunin. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:15.